

**Ed.**

**812. Framhaldsnefndarátt**

um frumvarp til laga um fiskiveiðasamþyktir og lendingasjóði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Háttvirt neðri deild hefir gert tvær breytingar á frumvarpi þessu frá því sem það var er það fór frá þessari háttvirtu deild, sem sje að samþyktir megi ná til vjelbáta alt að 30 smálestir að stærð i stað 20 smálestir og að lendingasjóðsgjald skuli ætíð vera hluti af afla, en ekki ákveðið gjald af hlut eða rúmmáli skips. Nefndin getur fallist á fyrri breytinguna, en ekki á þá síðari, nema að því leyti að hún fellst á, að þegar lendingasjóðsgjald er ákveðið sem hundraðsgjald af afla, að það sje þá aldrei hærra en 1<sup>o</sup>/o.

Nefndin álitur, að það sje svo mörgum annmörkum bundið að innheimta gjald þetta sem hundraðsgjald af afla, að hún getur alls ekki mælt með því, að ekki sje hægt að leggja það öðru visi á, og vill því að frumvarpinu verði að þessu leyti breytt í það horf, sem það var í þegar það var afgreitt hjer frá deildinni.

Nefndin ræður þannig háttv. deild til að samþykkja frumvarp þetta með þessari breytingu:

## BREYTINGARTILLAGA.

Við 7. gr.

3. málsgrein orðist svo:

Lendingasjóðsgjaldið má ákveða fyrir hverja vertið alt að 2 kr. af hlut, eða 1% af afla skipsins eða 3 kr. af lest í rúmmáli skipsins.

Formaður o. s. frv. óbreytt.

Alþingi, 5. sept. 1917.

Karl Einarsson,                      Kristinn Danielsson.  
form. og framsm.

M. J. Kristjánsson.